

# JÚLÍ/ÁGÚST

## KEPPNIR

Team Spark hélt til Ítalíu og Austurríkis í sumar á alþjóðlegar Formula Student keppnir. Keppt var með nýjustu smíði liðsins, LAKA. Liðið vann hörðum höndum allt síðasta ár við að koma bílnum í stand fyrir keppni og var því eftirvæntingin mikil þegar komið var að brottför.

Lærdómurinn sem draga má af þessari ferð er ólýsanlegur. Liðsmenn munu búa yfir ómetanlegri reynslu sem fæst með þátttöku í verkefni sem þessu allt sitt líf.

## UNDIRBÚNINGUR

Í byrjun júlí hélt LAKI af stað til meginlandsins ásamt verkfærum, varahlutum, tjaldbúnaði og nauðsynjavörum. Liðsmenn tóku á móti LAKA í Graz í Austurríki, þaðan var hann fluttur til Varano di Melegari á Ítalíu þar sem fyrri keppnin var haldin.



## ÍTALÍA

Dvölin á Ítalíu einkenndist af háu hitastigi og sólskini. Hitinn stoppaði ekki framvindu liðsmanna sem þurftu þó tíma til að átta sig á aðstæðum. Á fyrsta degi risu tjaldbúðir Team Spark og pitturinn fyrir LAKA var klár fyrir komandi vinnu.

Keppnin á Ítalíu gekk vel þegar litið er á heildina. Eftir lagfæringar komst bíllinn í gegnum tækniskoðun og öryggisprófanir. Allur öryggisbúnaður var kannaður auk þess þurftu ökumenn að sýna fram á getu til að yfirgefa bílinn á stuttum tíma í neyðaraðstæðum. Rafmagnsskoðun gekk vel en liðið hefur aldrei komist í gegn á jafn stuttum tíma. Þrátt fyrir þennan árangur féllum við á tíma og náðum ekki að komast í bremsuprófið sem varð til þess að við gátum ekki keyrt.

Á keppninni hélt liðið hönnunar-, viðskipta- og kostnaðarkynningar sem gengu vel en við náðum að bæta okkur í öllum kynningunum frá því í fyrra.

Gaman er að segja frá því að eigandi Dallara, Gian Paolo Dallara var staddur á Ítalíu. Hann hreifst af heimatilbúnu nagladekkjunum okkar og höfðu liðsmenn einstaklega gaman að því.

## AUSTURRÍKI

Keppnin í Austurríki hófst rólega þar sem LAKI kom ekki á svæðið fyrr en seinniþannig fyrsta keppnisdags. LAKI komst í gegnum öryggisprófið hratt og örugglega en þegar kom að tækniprófinu höfðu dómara nokkrar athugasemdir. Farið var beint í að laga það sem upp á vantaði og seinna sama dag stóðst LAKI tækniprófið.

Þegar LAKI var í rafmagnsprófinu komu upp nokkrar villur í háspennukerfinu.

Rafmagnshópurinn vann dag og nótt við að laga villurnar en þegar þær voru horfnar var búið að loka fyrir prófið og náðist því ekki að keyra í Austurríki.

Aðstæður í Austurríki voru til fyrirmyndar og eru liðsmenn þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri að taka þátt í jafn virtri keppni og FS Austria er.

## SAMANTEKT

Á Ítalíu lentum við í 11. sæti af 19 rafmagnsliðum en í Austurríki var samkeppnin meiri og lentum við í síðasta sæti. Engu að síður erum við ánægð með árangur LAKA og liðsins í heild sinni. Við kynntumst liðum úr bestu tækniháskólum heims og munu þau sambönd styrkjast um ókomin ár. Við komum heim reynslunni ríkari.

Spennandi tímar eru framundan, nýtt skólaár var að hefjast, nýjir liðsmenn hafa bæst í hópinn og er hönnun næsta bíls hafin.



facebook.com/  
TeamSparkEngineering



team.spark



twitter.com/  
TeamSparkEng